



SKJAL 2A

Ved Stranden 18
DK-1061 København K

Sími +45 3396 0400
Bréfasími +45 3311 1870
nordisk-rad@norden.org
www.norden.org

Ræðutími fulltrúa og fulltrúa ríkisstjórnanna

Forsætisnefndin leggur til

að þingmenn Norðurlandaráðs hafi þriggja mínútna ræðutíma;

að forsetinn sjái til þess að talsmönnum flokkahópa verði – ef kostur er – veittur ræðutími í samræmi við stærð hópanna;

að ríkisstjórnafulltrúum og fulltrúum verði veittar fimm mínútur til að leggja fram greinargerðir sínar.

7. janúar 2014
14-00008-1

Ræðutími gesta

Forsætisnefndin leggur til

að öðrum fulltrúum + forseta Norðurlandaráðs æskunnar verði veittur réttur til að taka til máls undir 4. dagskrárlið um almenn mál. Ræðutími er þrjár mínútur.

Stuttar athugasemdir/andsvör

Forsætisnefndin leggur til

að réttur verði veittur til að veita andsvar við öllum ræðum og andsvörum;

að sá sem andvarinu er beint til fái tækifæri til að svara í beinu framhaldi af því;

að sami fulltrúi fái tvö tækifæri til andsvara í sömu umræðu;

að hvert andsvar + svar við andsvari sé ekki lengra en ein mínúta.

Lok umræðu

Forsætisnefndin leggur til

að allir tilkynntir dagskrárliðir fái þann umfjöllunartíma sem áætlaður hefur verið;

að forsetinn geti lokið umræðu þegar áætlaður tími er útrunninn þó mælendaskrá sé ekki tæmd.

Sætaskipan í salnum

Forsætisnefndin leggur til

að fulltrúar í Norðurlandaráði sitji með flokkahópum sínum. Svo framarlega sem unnt er sitji vinstri flokkarnir vinstra megin í salnum og hægri flokkarnir hægra megin við ræðustól.

Fundargerð

Forsætisnefndin leggur til

að fundargerð frá þinginu innihaldi samþykktir, samantekt og upptökur sem klipptar verða eftir ræðumönnum.

Forsetinn vísar að öðru leyti í [Starfsreglur Norðurlandaráðs](#)

SKRÁNING Á MÆLENDASKRÁ:

Sýnið bláa ræðuspjaldið á meðan dagskrárliðurinn er til umræðu. Ræður eru fluttar í ræðustól.

ANDSVÖR

Sýnið rauða andsvaraspjaldið. Andsvör eru veitt úr sætum.

UDKAST